


Reykjavík, 13. júní. 2024

Ægisíða 52 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa, hækkun hluta þaks – USK24030310

Lögð fram fyrirspurn Ívars Arnar Guðmundssonar, dags. 25. mars 2024, ásamt greinargerð og teikingum, dags. 25. mars 2024, um að setja kvist á aftanvert húsið á lóð nr. 52 á Ægisíðu.



Skipulag í gildi

Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin íbúðarbyggð. Í gildi er deiliskipulagið Ægisíða samþykkt í borgarráði dags. 15 desember 2005.

Umsögn

Eins og áður kom fram er í gildi deiliskipulag. Í deiliskipulaginu kemur fram að Ægisíða 50-98 er heilsteptyt og rótgróið íbúðarhverfi frá 6 tug 20. aldar. Svæðið tilheyrir milligulum flokki, verndun svæðis samkvæmt Húsverndarskrá Reykjavíkur, á þeirri forsendu að húsaröðin blasi við opnu strandsvæði og sé mjög áberandi og einstök sem slík.

Lagt er til að svip húsa verði sem minnst raskað, t.d þak og gluggagerðum. Við endurnýjun og viðgerðir húsa á reitnum skal taka sérstakt tillit til upphaflegs stíls þeirra. Sýna þarf sérstaka aðgát við hönnun breytinga og viðbygginga.

Samkvæmt gildandi skilmálum fyrir húsið nr. 52 við Ægissíðu er heimilt að byggja léttu viðbyggingu innan byggingareits.

Óskað er eftir að hækka hluta af þaki hússins, þar sem lofthæð er aukin og kvistur gerður. Ekki er fallist á hækkun hluta þaks sé innan ramma deiliskipulagsins, þar sem hæsti punktur þaksins hækkar og ásýnd hússins breytist.

Niðurstaða

Neikvætt samræmist ekki gildandi deiliskipulagi.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur
Valný Aðalsteinsdóttir, arkitekt og verkefnastjóri